

# Starfsáætlun Skarðshlíðarleikskóla

---

2020 – 2021





## Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráðs til samþykktar. Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

## Efnisyfirlit

Formáli.....	4
1. Inngangur .....	6
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun .....	8
2.1 Matsáætlun .....	8
2.2 Innra mat leikskólans.....	8
2.3 Húsnæði og lóð.....	9
2.4 Ytra mat .....	9
2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats .....	10
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	10
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	10
4. Starfsmannamál .....	12
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí.....	12
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	12
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	12
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum 2020 -21 .....	13
5. Aðrar upplýsingar .....	14
5.1 Barnahópurinn 1. maí.....	14
5.2 Foreldrasamvinna.....	14
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla .....	14
5.4 Almennar upplýsingar .....	15
5.5 Áætlanir .....	15
Fylgirit.....	16
• Leikskóladagatal .....	16
• Umsögn foreldraráðs með leikskóladagatali og starfsáætlun fyrir skólaárið 2020 - 2021 ...	16

## 1. Inngangur

Skarðshlíðarleiksskóli tók til starfa í ágúst 2019 og má með sanni segja að árið sé búið að vera viðburðarríkt. Leikskólastjórinn tók til starfa í mars, aðstoðarleikskólastjórinn kom um miðjan júní og í júlí byrjuðu þrír starfsmenn að vinna. Litli starfsmannahópurinn hafði í fyrstu aðsetur í grunnskólanum þar til um mánaðamótin júlí/ágúst þegar leikskólinn var afhentur. Jafnt og þétt stækkaði starfsmannahópurinn en þann 13. ágúst þegar fyrsta aðlögun byrjaði voru alls níu starfsmenn í Skarðshlíðarleiksskóla. Ákveðið var að opna þrjár heimastofur af fjórum fyrst um sinn og áætlað var að opna fjórðu heimastofuna um áramót. Í ágúst byrjun átti enn eftir að ráða tvo deildarstjóra af þremur og tóku aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri að sér deildarstjórn fyrst um sinn. Í október og nóvember hófu tveir leikskólakennarar störf og tóku þeir við stöðum deildastjóra. Ekki gekk að ráða deildarstjóra á fjórðu heimastofuna og var því ákveðið að opna fjórðu heimastofuna ekki fyrr en haustið 2020. Þegar komið var fram í maí 2020 þá voru starfsmenn Skarðshlíðarleiksskóla orðnir 19 talsins og í haust verður fjórða heimastofan formlega tekin í notkun.

Við nýttum okkur þátttökuaðlögun og aðlöguðum börnin inn í litlum fjögurra til fimm manna hópum sem gaf okkur færi á að kynnast foreldrum og börnum vel og fundum vel hvað þetta var dýrmætur tími sem gerði öll samskipti við foreldra góð það sem eftir lifði vetrar.

Húsnæði leikskólans og útisvæði hefur verið í vinnslu í allan vetur. Smán saman fengum við innihurðar og innréttingar inn á heimastofur sem gerði okkur lífið léttara. Eitthvað er eftir að verkefnum sem þarf að klára jafnt inni sem úti í leikskólanum, vonandi verður þau frá fyrir áramót. Starfið í nýjum leiksskóla bíður upp á endalausa möguleika til að finna okkar leiðir og hefðir.

Við gerðum allt í fyrsta skiptið þegar kemur að viðburðum. Fyrsti foreldrafundurinn var 25. september og fór mæting foreldra fram úr öllum okkar væntingum. Aðventukaffi fyrir foreldra var haldið í desember og jólaball, þar sem foreldrar mættu líka og fengum við aðstöðu í sal gunnskólans sem heppnaðist mjög vel. Á þorranum buðum við pöbbum og öfum í morgunmat og á konudaginn buðum við mömmum og ömmum í kaffi eftir hádegi.

Sumarhátíðin var haldin föstudaginn 12. júní í grenjandi rigningu og roki en okkur tókst þó að flagga íslenska fánanum í fyrsta sinn. Vegna fámennis gátum við boðið foreldrum að vera með þrátt fyrir fjöldatakmarkanir almannavarna. Foreldrafélagið sá um að kaupa veitingar, pylsur og ís, og leikskólinn um drykki, svala og kaffi. Foreldrafélagið leigði tvo hoppukastala og þrátt við hifandi rok var hægt að hafa þá í vari við norðurinngang leikskólans. Veðrið varð til þess að við færðum alla aðra dagskrá inn í leikskólann. Börnin sungu í upphafi dagskráar fyrir foreldra og gátu svo farið í hoppukastala, leikið sér, farið í sjoppu inn á einni heimastofu og fengið sér pylsur sem starfsfólk sá um að grilla. Einnig var í boði uppboð á verkefnum barnanna og rann allur ágóði í sjóð foreldrafélagsins.

Elstu börn leikskólans fóru í útskriftarferð á Álftanes 24.júní. Tekinn var strætó og byrjað á heimsókn í leikskólanum Krakkakoti þar sem kíkt var á dýrin og leikið sér í garðinum. Börnin fengu pizzur í

hádegismat á Kaffi Álftanesi og svo var kíkt í fjöru og á leikvelli. Börnin og kennarar voru mjög ánægð með ferðina og skemmtu sér konunglega í frábæru veðri.

Útskrift elstu barnanna var haldin hátíðlega 25.júní kl.16. Fimm börn voru útskrifuð og var foreldrum þeirra boðið. Berglind leikskólastjóri hélt stutta ræðu og börnin sungu nokkur lög. Að því loknum voru afhent voru útskriftaskjöl, ferilmappa, pakki frá foreldrafélaginu og rós. Leikskólinn bauð upp á veitingar að athöfn lokinni.

Starfsmannfundir og skipulagsdagar fóru vel þetta skólaárið og mörgu á að taka. Sú þekking og reynsla sem býr í mannauði okkar var nýtt til þess að kynna fjölbreyttar kennsluáðferðir. Ber þar helst að nefna fjölgreindakenningunni, Uppeldi til ábyrgðar, mikilvægi frjálans leik barna, læsi og læsisstefnu Hafnarfjarðar, kynningu frá öryggistrúanaðarmönnum Skarðshlíðarleikskóla og kynningu og verkefnavinnu með Vináttuverkefni Barnaheill. Að auki fengum við til okkar nokkra fyrirlesara sem kynntu m.a. réttindi og skyldur starfsmanna, námssamninga Hafnarfjarðarbæjar, Workplace, að vinna með tvítyngd börn og allri starfsmenn fóru á námskeið í skyndihjálpi. Eins voru starfsmenn mjög iðnir við að fara á fjölbreytt námskeið sem nýtast í starfi okkar, auðga fagmennsku og þekkingu starfsfólks.

Fyrsta árið okkar litaðist mikið af ófyrirsjáanlegum aðstæðum sem reyndust miklar áskoranir fyrir leikskólastarfið og ber þá helst að nefna veðurviðvaranir og Covid-19. Þar upplifðum við hvað skólasamfélag Hafnarfjarðar er öflugt og hvað dyggur stuðningur og gott upplýsingaflæði er mikilvægt.

Heimasíða leikskólans var tekin í gagnið í maí 2020 en þar áður var okkar helsta leið til upplýsingagjafa til foreldra, fyrir utan mannlega samskipti, netpóstur, myndir og skilaboð í gegnum Karella og inn á Facebook síðu leikskólans.

## 2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

### 2.1 Matsáætlun

Stefnt verður að því aftur allt skólaárið að vinna jafnt og þétt við að fínþússa innra starf og skipulag leikskólans og að fræða starfsfólk skólans um stefnuáherslur og þau markmið sem Skarðshlíðarleikskóli vill setja sér. Sérstök áhersla verður á að meta hvernig okkur gengur að innleiða fjölgreindarkenninguna, Uppeldi til ábyrgðar og grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla.

Í maí 2021 verður skipulagsdagur nýttur í starfsmat þar sem metið verður hvernig okkur hefur gengið að innleiða fjölgreindarkenninguna, Uppeldi til ábyrgðar og grunnþætti menntunar. Starfsmannahópurinn mun allur taka þátt í matinu. Honum verður skipt upp í minni hópa og fer hver hópur yfir spurningar sem tengjast hverjum þætti. Umræður og niðurstöður verða skráðar niður. Allur starfsmannahópurinn fer svo í sameiningu yfir niðurstöður og finnur lausnir á því sem betur má fara. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru ábyrgir á að halda utan um gögn og vinna úr þeim. Auk þess munum við nýta aðra skipulagsdaga, starfsmannafundi, deildarstjórafundir og deildarfundir í að meta þætti er snúa að daglegum þáttum eins og matsal og dagsskipulagi.

### 2.2 Innra mat leikskólans

Þættir sem voru metnir á skólaárinu 2019-20 voru dagsskipulag inn á heimastofum, matstofan, Lubbi finnur málbeinin, samverustundir, frjáls leikur og útisvæðið. Reglulega yfir árið mátu starfsmenn hverra heimastofu fyrir sig hvernig ýmsir þættir deildarstarfsins gengu fyrir sig. Á deildastjórafundum, skipulagsdögum og starfsmannfundum var oft nýttur tími til að meta hvernig matstofan gengi. Síðasti skipulagsdagur vetrarins var nýttur í starfsmat þar sem lagðar voru fyrir starfshópin spurningar um hvernig vinna með *Lubbi finnur málbein* hefði gengið, hvort frjáls leikur hafið fengið nægilegt rými, hvort hafa þurfi minni hópa í samverustundum og hvernig tiltekt á útisvæði hefur verið háttað.

Aðallega var eigindleg matstækni notuð þar sem rætt var saman og skrifaðar niður helstu niðurstöður. Allt starfsfólk tók einhvern þátt í mati en mismikið eftir stöðu þess.

Helstu niðurstöður matsins sýndu að starfsfólk var flest á því að frjáls leikur fengi gott rými í starfinu. Helst voru starfsmenn sammála um að þeir mættu vera duglegri að taka þátt í leik barnanna. Þeim þótti umhverfið hvetjandi að mörgu leiti s.s. efniviður vel sýnilegur en gott væri að skipta honum oftast út fyrir annað leikefni. Vinna með námsefnið *Lubbi finnur málbeinið* var mismikil á milli heimastofa en starfsfólk var almennt á því að það starf mætti vera mikið markvissara. Það sem helst stoppaði var þekkingarleysi á efninu og óöryggi. Til stóð að halda námskeið fyrir allt starfsfólk á því hvernig vinna mætti að sameiginlegu markmiði með námsefnið en þá skall heimsfaraldur á. Einnig kom fram í mati starfsmanna að þeim þótti of mikið af innleiðingum og efni sem erfitt var fyrir þá að ná góðum tókum á. Útisvæðið var starfsfólk sammála um að þyrfti að sinna betur. Umhverfis leikskólans eru miklar byggingarframkvæmdir og mjög mikið af rusli og byggingarefni sem fýkur inn á lóðina. Oftast en ekki fer drjúgur tími starfsfólks í hreinsunarstarf.

Helstu úrbætur sem við viljum gera út frá niðurstöðum matsins eru:

- *Frjálsa leikinn* munum við halda áfram að standa vörð um og endurskoða reglulega hvort hann fái nægilegt rými í dagsskipulaginu og hvort að leikumhverfið sé börnum okkar hvetjandi. Nýttir verða deildarfundir, starfsmannafundir og skipulagsdagar til að ræða þessi



málefni.

- Til stendur að fá fyrilestur strax í haust um *Lubbi finnur málbeinin*. Einnig ætlum við að setja niður hljóð vikunnar sem allar deildir vinni þá markvisst með út frá aldri og getu barnahópanna á hverri heimastofu fyrir sig.
- Við þurfum að vanda hversu mikið er verið að innleiða hverju sinni svo starfsmönnum finnist ekki um of en einnig þarf að taka tillit til þess að starfsfólk hefur misjafna reynslu og þekkingu á leikskólastarfinu. Því teljum við brýnt að kynna grunnþætti menntunnar fyrir starfsfólki og áætlað er að gera það hægt og rólega yfir næsta skólaár.
- Á útisvæðinu ætlum við að virkja börnin meira í umhverfisvernd, þar sem þau verða hvött til að vera „umhverfislöggur“ og týna rusl sem þau sjá. Á morgnana fari þó ávalt starfsmenn út á undan börnunum og skanni hvort eitthvað hættulegt leynist á svæðinu s.s. glerbrot.

Skólapúslinn sendi rafræna könnun til allra starfsmanna þetta skólaárið og var svarhlutfallið 92,9%. Tilgangur könnunar er að mæla mikilvæga sálfélagslega þætti á vinnustaðnum, ánægju með starf, húsnæði og fleiri þætti og bera saman hvernig staða okkar er gagnvart öðrum leikskólum landsins. Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar komu mjög vel út og almenn ánægja ríkir með flest. Einn starfsmaður upplifði einelti, sem er einum of mikið, en á þeim tíma sem það gerðist var ekki komið öryggisteymi né viðbragðsáætlun í gagnið í leikskólanum. Leikskólastjórinn tók það mál að sér. Á Skipulagsdegi í maí 2020 var farið yfir niðurstöður starfsmannakönnunarinnar sem Skólapúslinn framkvæmdi í mars sl. og rætt var um hvernig bæta megi það sem sett var út á. Hver heimastofa svaraði spurningalista og í framhaldinu fór starfsmannahópurinn sameiginlega yfir niðurstöður þeirrar vinnu. Verklag öryggisteymis og viðbragðsáætlanir voru kynntar þegar niðurstöður starfsmannakönnunar lágu fyrir á skipulagsdegi í maí. Eftir góða umfjöllun var starfsmönnum gefin ein vika til að skila inn athugasemdum um verklag og áætlanir. Engar athugasemdir voru gerðar.

### 2.3 Húsnæði og lóð

Eftirlit með húsnæði og útileikvelli er í daglegu eftirliti starfsfólks leikskólans. Starfsmenn skipta með sér daglegri úttekt á leikskólalóðinni og eru allar athugasemdir skráðar niður. Gerð var úttekt á útisvæði skólans sem var framkvæmd af BSI (sjá fylgiskjal 1). Gerðar voru úrbætur á athugasemdum sem BSI benti á og í lok vetrar var bætt um betur á lýsingu á útileiksvæði en hún var af skornu skammti fram að þeim tíma. Óskað hefur verið eftir á láta laga báða sandkassana því annar þeirra er of lítill og hinn er of lágur. Þá brotnaði körfuboltaspjald í ofsaveðri í janúar og skemmdarverk unnin á leikfangaskúr á leikskólalóðinni sem tilkynnt var til lögreglu. Settar verða upp ruslafötur inn á leikskólalóðina.

### 2.4 Ytra mat

Hafnarfjarðarbær framkvæmdi starfsmannakönnun í mars 2020. Nýttum við niðurstöður hennar við gerð innra mats sem fjallað var um kafla 2.1

Annað hvert ár sér Skólapúslinn um að senda rafræna meginlega könnun auk möguleika til opinna svara til allra foreldra leikskólabarna. Svarhlutfall foreldra í Skarðshlíðarleikskóla var 90%. Helstu niðurstöður sýndu að almenn ánægja er með hvernig leikskólinn fór af stað. Foreldrar settu aðallega út á bílastæðamál og að upplýsingaflæði þurfi að auka, þá sérstaklega sem snýr að hvað börnin eru að gera á daginn í leikskólanum.

Á skipulagsdegi í maí 2020 var farið yfir helstu niðurstöður foreldrapúlsins og rætt um hvernig bæta megi þá þætti sem sett var út á. Allir starfsmenn komu að þeirri vinnu.

Helstu niðurstöður umbótaáætlunar eru að deildarstjórar ætla að auka upplýsingagjöf til foreldra. Þar sem búið er að virkja heimasíðu leikskólans er það áætlun okkar að setja reglulega inn deildarfréttir eða að a.m.k. einu sinni í viku. Einnig verða þar settar inn á helstu skólafréttir, væntanlegir viðburðir, áætlanir sem nú er verðið að vinna að. Nú þegar er þar að finna efni eins og hugmyndafræði leikskólans, Uppeldi til ábyrgðar, skóladagatalið og foreldrahandbók. Lítið er hægt að gera í staðsetningu bílastæða en í maí var norðurinnangangurinn kláraður og er von okkar að foreldrar nýti hann þegar úti gustar af suðaustan áttinni.

## 2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

- Umbætur vegna innra mats eru að við ætlum áfram að standa vörð um frjálsan leik og endurskoða reglulega dagskipulag og umhverfi til að ýta undir hann.
- Skipulag á matstofu vegna aukins barnafjölda á haustönn.
- Við ætlum að fá fyrirlestur á *Lubbi finnur málbein* svo hægt sé að vinna markvissar með hann.
- Haldið verður áfram að innleiða Uppeldi til ábyrgðar m.a. með því að fá fyrirlestur og setja okkur starfsmannasáttmála og heimastofusáttmála í anda stefnunnar.
- Skoða reglulega skipulag og innihald samverustunda.
- Hvetja börnin til þátttöku á ruslatýnslu á útisvæði og þannig auka m.a. áhuga þeirra á umhverfisvernd.
- Í örsamtölum og starfsmannasamtölum á vorönn munum við spyrja starfsfólk hvort það hafi upplifað einelti eða hvort það hafi orðið vitni að annað starfsfólk séu lagt í einelti.
- Auka þátttöku starfsmanna í umræður um starfið og þá sérstaklega um grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla.
- Við höldum áfram að kynna okkur fjölgreindakenninguna.
- Í upphafi nýs skólaárs verður fyrirlestur þar sem kynntar verða leiðir til að mæta erlendum, tvítyngdum börnum og börnum sem eru í alþjóðlegri vernd.
- Deildastjórar og aðstoðarleikskólastjóri (vefumsjónaraðili) ætla að bæta upplýsingarflæði til foreldra og nýta til þess deildar- og skólafréttir á heimasíðu leikskólans.
- Allar heimastofur ætla að bjóði upp á aukna útiveru, daglegar vettvangsferðir og virka samvinnu starfsmanna á milli samliggjandi heimastofa. Auk þess að nýta innra og ytra umhverfi leikskólans betur og stuðla að gæðastundum í minni barnahópum.

## 3. Áherslur í starfi leikskólans

### 3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans fyrir næsta starfsár er að halda áfram að kynna og innleiða fjölgreindakenninguna, Uppeldi til ábyrgðar, *Lubbi finnur málbein* og grunnþætti menntunar samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Markmið verkefnanna er að efla skólstarfið í hæfum skrefum

svo starfsfólki fallist ekki hendur og finnist of mikið af verkefnum í gangi.

1. *Fjölgreindakenningin*

Kynna leiðir til að vinna með hugmyndafræðina í svæðaskiptingu og með litlum barna hópum og nýta starfsmannafundi komandi skólaárs til þess.

Hver er ábyrgur – Leikskólastjóri

Mat tekið á skipulagsdegi 25. maí 2021

2. *Uppeldi til ábyrgðar*

Ætlunin er að fá tveggja tíma fyrirlestur á skipulagsdegi frá Hjördísi Guðrúnu Ólafsdóttir leikskólastjóra í Krakkakoti í Garðabæ. Í framhaldi af því mun Katrín aðstoðarleikskólastjóri sjá um að vinna starfsmannasáttmála með starfsfólki leikskólans. Katrín aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á þessum hluta.

Áætlað er að meta þennan þátt á skipulagsdegi 25. maí 2021

3. *Grunnþættir menntunar*

Berglind og Katrín skiptast á að vera með kynningar á hverjum grunnþætti menntunar á skipulagsdögum og starfsmannafundum og þeim dreift yfir árið.

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eru ábyrgir fyrir þessum hluta.

Áætlað er að meta þessa þætti á skipulagsdegi 25. maí 2021

4. *Lubbi finnur málbein*

Stefnt er á að fá fyrirlestur frá Lubbasmiðju fyrir alla starfsmenn á skipulagsdegi 4.

september 2020. Í framhaldinu setur starfsfólk sér sameiginlega áherslupætti auk þeirrar vinnu sem passar hverjum aldurshóp fyrir sig.

Stjórnateymi leikskólans ber sameiginlega ábyrgð á þessari innleiðingu.

Áætlað er að meta hvernig til tókst á skipulagsdegi 25. maí 2021.

## 4. Starfsmannamál

### 4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari
Aðstoðarleikskólastjóri	1	100%	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	0,90%	Leikskólakennari
Deildarstjórn	3	282%	1 Leikskólakennari 1 B.ed. leikskólakennarafræði 1 Leikskólaskor
Háskólamenntaður starfsmaður A	1	100%	BS í Uppeldis- og menntunarfræði
Háskólamenntaður starfsmaður B	1	100%	Ms í Stjórn málafræði
Leiðbeinendur Hlífar	10	100%	5 með stúdentspróf 5 leiðbeinendur í leikskóla

### 4.2 Starfsþróunarsamtöl

Örsamtöl fóru fram daganna 13. – 16. janúar og skiptu leikskólastjóri og aðstoðarskólastjóri með sér þeim samtölum. Tilgangur þessara samtala var m.a. að heyra hvernig starfsfólki líður í vinnunni, hvernig því gangi í starfinu, hvort það vilji efla sig í einhverju og hvað stjórnendur geti gert til að styðja það.

Starfsmannasamtöl voru tekin á tímabilinu frá 28. maí til 06. júní og tók leikskólastjóri þau samtöl. Í heildina kom fram ánægja og starfsfólk lýsir vellíðan í starfi sem er í takti við það sem kom fram í starfsmannakönnun Skólapúlsins.

### 4.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun fór vel af stað í leikskólanum í vetur og hefur starfsfólk verið áhugasamt um að sækja námskeið sem boðið hefur verið upp á hjá Kraganum ásamt því að sækja styrki í stéttarfélagin sín.

- Krístrún Sigurjónsdóttir kennsluráðgjafi hjá Hafnarfjarðarbæ kom á skipulagsdegi og flutti erindi um tvítýngi.
- „Það sprettur alltaf eitthvað meira, þú sáir einu fræi og ...“ Harpa Kolbeinsdóttir hélt fyrirlestur um hvernig umhverfi barna getur gefið fjölbreytt tækifæri til náms.
- Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir kynnti starfsfólki námssamninga Hafnarfjarðarbæjar
- Hrund Apríl Guðmundsdóttir hélt kynningu á Workplace fyrir starfsfólk leikskólans.
- Verkefni Barnaheilla „Vinátta“ fyrir börn á aldrinum 1-3 ára. 2 starfsmenn sóttu heilsdagsnámskeið.
- Verkefni Barnaheilla „Vinátta“ fyrir börn á aldrinum 4-6 ára. 3 starfsmenn sóttu heilsdagsnámskeið.
- Sérkennslustjóri sótti réttindanámskeið í smábarnalistanum, Íslenska þroskalistanum og Hljóm 2 að auki ADHD fyrirlestur á vegum Ásdísar Emilíu Gunnlaugsdóttur „Kenum nýja færni“

- Tveir fóru á TRAS námskeið og námskeið í túlkaviðtölum hjá Kraganum.
- Einn starfsmaður sótti trúnaðarmannanámskeið
- Tveir stjórnendur sóttu öryggistrúnaðarmannanámskeið
- Með leikgleði lærum við – Kraganámskeið
- Móttaka barna af erlendum uppruna – Kraganámskeið
- Stjórnendur fengu kennslu í uppsetningu á heimasíðu leikskólans hjá Karellen
- Tveir starfsmenn fóru á Íslenskunámskeið hjá Kraganum
- Leikskólastjórnendur sóttu stjórnendafundi með öllum stjórnendum Hafnarfjarðarbæjar þrisvar sinnum yfir skólaárið
- Fagleg forysta, námskeið í samstarfi við Háskóla Íslands fyrir leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra í Hafnarfirði til að efla forystu í skólum bæjarins.
- Sérkennslustjóri hélt fyrirlestur í Gefðu 10 fyrir starfsmannahópinn
- Sérkennslustjóri hélt kynningu á upplýsingatækni í leikskóla
- Leikskólastjóri og sérkennslustjóri héldu fyrirlestur um málörvun leikskólabarna
- Aðstoðarleikskólastjóri hélt fyrirlestur um frjálsan leik barna

#### **4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum 2020 -21**

Starfsmenn verða hvattir til að sækja námskeið og fylgjast með framboði þeirra á vegum m.a. skrifstofu Mennta- og lýðheilsusviðs og Kragans. Ásamt því er fyrirhugað að bjóða upp á eftirfarandi fræðslu:

- Afmælisráðstefna Uppeldi til ábyrgðar
- Krístrún Sigurjónsdóttir – Móttaka barna í alþjóðlegri vernd
- Bjartey Sigurðardóttir – Læsisstefna Hafnarfjarðar, lestur er lífsins leikur
- Hjördís Guðrún Ólafsdóttir – Uppeldi til ábyrgðar
- Kynning á BRÚNNI fyrir allt starfsfólk
- Fyrirlestur – Lubbi finnur málbein
- Fyrirlestrar um grunnþætti menntunar jafnt og þétt yfir skólaárið, umsjá heimamenn

## 5. Aðrar upplýsingar

### 5.1 Barnahópurinn 1. maí.

- Fjöldi barna í leikskólanum alls 47
- Kynjahlutfall – 27 drengir og 20 stúlkur.
- Dvalarstundir = 539,98
- Deildargildi = 2,81
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningaviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki. = 1
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað) = 15
- Fjöldi barna með ofnæmi = 4
- Fjöldi barna með fæðuþol = 3
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku = 7
- Fjöldi tungumála = 4 með íslenskunni.
- Þjóðerni forsjáraðila (fjöldi Pólverja, Spánverja, o.s.frv.). = 2 frá Fillipseyjum, 10 Pólverjar og 2 Serbókróatískir.

### 5.2 Foreldrasamvinna

Á fyrsta foreldrafundi leikskólans sem haldinn var 25.september 2019 voru kosnir fimm foreldrar í foreldrafélag og þrír í foreldraráð. Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Hlutverk foreldraráðs er:

Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.  
Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.  
Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Hlutverk foreldrafélags er:

Að halda og kosta ýmsar skemmtanir og uppákomur fyrir börnin í samvinnu við leikskólann s.s. sumarhátíð, jólaskemmtun og sveitaferð.  
Halda utan um sjóð sem foreldrar geta greitt í.

Foreldraviðtöl voru haldin f.o.m. 18. maí þegar almannavarnanefnd leyfði. Nýtt var fundarherbergi leikskólans og var sprittað og passað upp á hreinlæti eins og hægt var.

### 5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Skólaskrifstofa leggur áherslu á að Skarðshlíðarleikskóli sé fyrst og fremst í samstarfi við Skarðshlíðarskóla. Stefnt er að:

- Skólastjórnendur leik- og grunnskóla funda áfram hálfsmánaðarlega
- Valstundir 8.bekkinga halda áfram tvisvar sinnum í viku, klukkustund í senn.
- Heimsóknum leikskólabarna í kennslustund í grunnskólanum.
- Grunnskólabörnin komi í heimsókn í leikskólann.
- Leikskólabörnin og 1.bekkingar fari saman í skruðgöngu um grunnskólann og syngi fyrir

nemendur og kennara hans á degi leikskólans.

- Einu sinni í viku fær hver heimastofa eina klukkustund í íþróttarsal grunnskólans.
- Starfsmenn nýti sér aðstöðu inn á kaffistofu grunnskólans í ríkari mæli. Aftur er stefnt á að hafa sameiginleg kaffi s.s. vöfflukaffi á alþjóðlegum degi kennara og bollukaffi á bolludag.
- Einu sinni í mánuði fara börn í leikskólanum í sameiginlega söngstund í sal grunnskólans.
- Elstu börn leikskólans fara reglulega yfir veturinn í heimskókn í grunnskólann.

#### 5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar:

04. september 2020 – Skipulagsdagur

13. nóvember 2020 – Sameiginlegur skipulagsdagur leik – og grunnskóla

04. janúar 2021 – Skipulagsdagur

24. febrúar 2021 - Sameiginlegur skipulagsdagur leik – og grunnskóla

25. maí 2021 - Sameiginlegur skipulagsdagur leik – og grunnskóla

#### 5.5 Áætlanir

Eftirtalar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans <http://skardshlid.leikskolinn.is/> Skarðshlíðarleikskóli stefnir á að þær verði komnar þar inn á árunum 2020 – 2024.

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
  - einelti
  - ofbeldi
  - annað
- Viðbragðsáætlun við:
  - slysum
  - áföllum
  - Heimsfaraldur
  - annað
- Öryggisáætlanir
  - Rýmingaráætlun
  - Vinnuverndaráætlun
  - Öryggishandbók
- Jafnréttisáætlun
- Starfsmannhandbók
- Námskrá Skarðshlíðarleikskóla
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)

## Fylgirit

- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs með leikskóladagatali og starfsáætlun fyrir skólaárið 2020 - 2021

Hafnarfirði

Berglind Kristjánsdóttir  
Leikskólastjóri